



Laxeldisstöðin Íslax hf. á Nauteyri

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-80/09

LAXAELDISTÖÐIN ÍSLAX HF. Á NAUTEYRI

Þann 5. október s.l. fór ég ásamt Þórði Ólafssyni og Eiríki Briem vestur á Nauteyri til að fá svar við nokkrum spurningum sem risið höfðu eftir dæluþrófun þeirra Sigurðar G. Tómassonar og Benedikts í Hafnardal í sumar. Einkum þurfti að fást skýring á því hvers vegna svo lítið vatn fékkst úr svo vel vatnsleiðandi mól, sem þarna er um að ræða og hvort ekki mætti ná meira vatni upp úr eyrunum á öðrum stöðum en þeir höfðu reynt.

Þann 5. og 6. október voru grafnar tvær gryfjur í eyrarnar og þær dæluþrófaðar. Fyrri gryfjan var grafin nokkru neðar og nær Hafnardalsá en brunnur þeirra Sigurðar og Benedikts er. Gryfjan var  $9,3 \times 5,6 \text{ m}^2$  og 2,2 m á dýpt en þar var komið niður á klöpp. Fjarlægð í ár frá miðri gryfju var 12 m. Dælt var úr gryfjunni í um 90 mín. og reyndist hún þá gefa af sér 3,8 l/s við 100 cm niðurdrátt.

Þetta vatnsmagn er mjög sambærilegt við það sem fékkst úr brunninum í sumar. Nú er líka fenginn skýring á þessu litla vatnsmagni. Hún er einfaldlega sú að malarlagið er svo þunnt að það nær ekki að flytja mikið vatnsmagn.

Efnið í eyrinni er finmöl og sandur.

Seinni gryfjan sem grafin var, var  $200 \times 300 \text{ m}$  ofar með ánni. Hún var  $4,3 \times 3,8 \text{ m}^2$ . Dýpi var 2 m á klöppina. Fjarlægð frá Hafnardalsá 12 m. Efnið sem upp kom var mun grófara en neðra - sandur, mól og stórgrýti. Þessi gryfja var dæld í rúman klukkutíma og reyndist þá gefa af sér 6,2 l/s við 70 cm niðurdrátt. Þetta er miklu meiri afköst en í fyrri gryfjunni einkum þegar tekið er tillit til að þessi er mun minni um sig, grynri og niðurdrátturinn minni. Veður var afleitt meðan á þessum aðgerðum stóð, stormur og bleytuhríð af NA (11 vindstig í Eðey og 11 mm úrkoma). Fyrir vikið urðu dæluþrófanirnar í skemmra lagi.

Niðurstöður sem draga má af þessum athugunum eru þær, að ætla má að unnt sé að ná tilskyldu vatnsmagni fyrir laxaeldisstöðina úr eyrum

1980-10-31

---

Hafnardsár. Vatnsöflunaraðferðin verður að vera sú sem lýst er í greinargerð OS um "Dæluprófun og vatnsöflun úr eyrum Hafnardsár" frá 1980-09-05 (ÁH-80/08). Lokræsinu er hins vegar rétt að velja stað ofar með ánni en þar er gert ráð fyrir. Meginvandamálið sem við er að etja er hve eyrarnar eru þunnar. Mikilvægt er að finna þá staði við ána þar sem hvað dýpst er á klöppina og haga niðursetningu lokræsisins þannig, að það komist sem dýpst.

Í þessu skyni er rétt að kanna eyrabyggingu á mjórri spildu við ána, og nota til þess lítinn Cobra-bor. Þetta er ódýr aðgerð sem sjálfsagt er að framkvæma áður en farið er út í lokræsa- og brunngerð.

Erfitt er að segja fyrir um hver lengd lokræsisins þarf að vera en 50-100 m er ekki ósennileg ágiskun.

Bestu kveðjur,

---

Arni Hjartarson.